# Nokkur meginatriði í störfum örorkunefndar Landssamtaka lífeyrissjóða 2003 - 2006

**Arnar Sigurmundsson**

# Tildrög örorkunefndar LL

- Þann 23. apríl 2003 barst Landssamtökum lífeyrissjóða erindi frá Lífeyrissjóði sjómanna, þar sem þess var farið á leit við samtökin að þau beiti sér fyrir því að fundin verði lausn á því vandamáli að hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna sé og verði mjög mismunandi milli lífeyrissjóða.
- Í bréfinu kom fram að miklar örorkulífeyris-greiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna séu verulegt áhyggjuefni, en hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum hafi verið nánast óbreytt í mörg ár.
- Ljóst sé að það gangi ekki til lengdar að nokkrir lífeyrissjóðir þurfi að greiða allt að helmingi lífeyrisgreiðslna í örorkubætur á meðan þetta hlutfall hjá öðrum sjóðum sé að jafnaði 15-20%.

# Örorkunefnd LL

- Fyrsti fundur nefndarinnar haldinn 15. maí 2003.
- Nefndin skipuð í upphafi þessum mönnum: Arnar Sigurmundsson, Árni Guðmundsson, Haukur Hafsteinsson og Þórunn Sveinbjörnsdóttir. Með nefndinni hefur starfað Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL.

# Örorkunefnd LL

- Nefndarmenn sammála á fyrsta fundinum að nauðsynlegt væri að styðjast við íslenskar örorkulíkur.
- Kortleggja þyrfti örorkulífeyrismál sjóðanna og kalla fyrir nefndina ýmsa aðila.
- Skipulögð ráðstefna um örorkulífeyrismál sjóðanna í Viðey 25. nóvember 2003.
- Skýrsla örorkunefndar 3. febrúar 2004.

# Tillögur örorkunefndar LL:

- Endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi, m.a. með fjármögnun frá lífeyrissjóðunum.
- Stjórnvöld, sveitarfélög og frjáls félagasamtök þurfa að auka og efla forvarnir.

# Tillögur örorkunefndar LL

- Auka þarf samstarf við sjúkrasjóði stéttarfélaga og grípa þannig nógu snemma inn í endurhæfingarferil sjóðfélagans.
- Skilvirkari og vandaðri vinnubrögð við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða.

# Tillögur örorkunefndar LL

- Heimilt að hafna greiðslu örorku-lífeyris ef orkutap hefur varað skemur en 1 ár. Samhliða þurfa stjórnvöld að hækka sjúkradag-peninga almannatrygginga.
- Draga þarf úr langtímaatvinnuleysi, m.a. Með því að styrkja starfsendurmenntun og atvinnumiðlanir.

# Tillögur örorkunefndar LL

- Heimilt að draga skaðabætur vegna örorku af völdum slysa frá örorkulífeyri sjóðanna.
- Skoða þarf breytingar til að þrengja reglur lífeyrissjóðanna til framreiknings.
- Vinna þarf upp íslenskan staðal með örorku- og endurhæfingarlíkum.

# Sífellt hærri örokulífeyrisbyrði!

- Árið 2004 nam heildarörorkulífeyrir sjóðanna  um **5.278 m.kr.** eða um 14,5 milljónir kr. á sólarhring!
- Raunaukning  10%-15% á ári síðustu árin.
- Mikil aukning umsækjanda um örorkulífeyri  hjá Tryggingastofnun ríkisins.



# Seinni hluti starfs örorkunefndarLL

- Í ársbyrjun 2005 var ákveðið að endurvekja störf örorkunefnd-arinnar.
- Ástæða:
  - Viðvarandi aukning á örorkulífeyris-greiðslum sjóðanna.
  - Íslenskar örorkulíkur: Mikið vanmat á örorkulífeyrisbyrðinni miðað við dönsku töflurnar.

# Örorkunefnd LL

- Fjölgað í nefndinni um tvo: Þorgeir Eyjólfsson og Friðjón Einarsson.
- Nauðsynlegt væri að fram færi athugun á ýmsum kerfisbreytingum, sem nefndin hafði minnst á, en ekki tekið afstöðu til.
- Nauðsynlegt að einstakir sjóðir grípi til sértækra aðgerða.

# Hugmyndir um róttækar kerfisbreytingar

- Tilfærsla örorkulífeyris frá lífeyris-sjóðunum til Tryggingastofnunar ríkisins, sem taki að sér að úrskurða og greiða örorkulífeyri.
- Lífeyrissjóðirnir sjá um úrskurð og bótagreiðslur örorkulífeyris, eins og nú er gert, en stjórnvöld leggja til fjármagn til að jafna mismunandi þunga í örorkulífeyrisbyrði sjóðanna.

# Hugmyndir um róttækar kerfisbreytingar

- Stofnun sérstakrar tryggingareiningar lífeyrissjóðanna, sem tekur að sér að jafna örorkubyrði sjóðanna.
- Að auka iðgjöld til þeirra lífeyrissjóða sem eru með mjög háa örorkulífeyrisbyrði. Slík iðgjöld væru þá eingöngu hugsuð til að létta á örorkulífeyrisgreiðslum viðkomandi sjóða, en sköpuðu ekki viðbótarlífeyrisréttindi fyrir sjóðfélaga

# Ýmsar hugmyndir til að jafna eða létta örorkubyrði lífeyrissjóðanna:

- Lífeyrissjóðir taki að sér að greiða fyrstu 10% af örorkubyrðinni. Það sem er umfram verði greitt af ríkissjóði og viðkomandi lífeyrissjóði.
- Dæmi: Örorkubyrðin er 40%. Sjóðurinn greiðir fyrstu 10% og helminginn af því sem eftir er, þ.e. 10% + (40%-10%)/2 = 25%.

# Ýmsar hugmyndir til að jafna eða létta örorkubyrði lífeyrissjóðanna:

- Lífeyrissjóðir greiða örorkulífeyri einungis fyrstu 5 til 7 árin, en þá taka almannatryggingar við að greiða framvegis örorkulífeyririnn.
- Halda tengingu örorkubótanna við þátttöku á vinnumarkaði og sem veigamiklu hlutverki lífeyrissjóðanna.

# Samið um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

- Í tengslum við samkomulag ASÍ og SA frá 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, þar sem stjórnvöld lýstu sig reiðubúna til samstarfs við ASÍ og SA um leiðir sem, auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra, draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða.
- Til að vinna að framgangi þessa máls hefur forsætisráðherra skipa nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og Öryrkjabandalagsins.

# Samið um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

- Verkefni nefndarinnar verður m.a. að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna.
- Jafnframt mun nefndin fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku.

# Samið um jöfnun á örorkubyrði lífeyrissjóðanna.

- Ríkisstjórnin lýsti því jafnframt yfir að hún væri reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði ASÍ og SA með framlagi sem svarar til 0,25% af trygginga-gjaldsstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila, sem komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.
- Miðað við að tryggingagjaldstofninn sé nú 600 milljarðar króna verður framlagið m.v. óbreyttan stofn um 900 m.kr. 2007, um 1.200 m. kr. 2008 og um 1.500 m.kr. 2009 og framvegis.

# Örorkuráðstefna LL
# 6. apríl 2006

- Ráðstefnan í Viðey var fyrst og fremst vinnufundur, þar sem þátttakendur unnu saman í vinnuhópum.
- Ráðstefnan í Skíðaskálanum í Hveradölum fyrst og fremst hugsuð sem málþing til að leiða fram það markverðasta sem gerst hefur í örorkumálunum síðustu tvö árin.
- Undirbúningur að lokaskýrslu örorkunefndar LL.
- Alls hafa um 25 manns komið á fund örorkunefndar LL.

# Örorkuráðstefna LL
# 6. apríl 2006

Framsögumenn í fyrri hlutanum:

- Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA.
- Sigurður Thorlacius, dósent í tryggingalæknisfræðum.
- Stefán Ólafsson, prófessor hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

# Örorkuráðstefna LL
# 6. apríl 2006

Framsögumenn í seinni hlutanum:

- Pétur H. Blöndal, alþingismaður.
- Guðrún Hannesdóttir, forstöðumaður Hringsjár.
- Gunnar Kr. Guðmundsson, yfirlæknir atvinnulegrar endurhæfingar á Reykjalundi.

# Örorkuráðstefna LL
# 6. apríl 2006

- Fyrirspurnir leyfðar eftir hvert erindi, ef tími gefst til.
- Umræður og samantekt milli kl. 17.30 og 18.30.
- Fordrykkur og kvöldverður milli kl. 18.30 til 21.00.
- Heimferð kl. 21.00.

# Takk fyrir!

